

2.fundur hreppsnefndar Árneshrepps haldinn á skrifstofu hreppsins í Norðurfirði, 20.apríl 2020 kl. 14:00.

Mætt eru; Guðlaugur A. Ágústsson Steinstúni, Arinbjörn Bernharðsson Norðurfirði, Björn Torfason Melum 1, Bjarnheiður J. Fossdal Melum 1 og Eva Sigurbjörnsdóttir Djúpavík. Oddviti ritar fundargerð.

Dagskrá fundarins;

1. Erindi frá byggingarfulltrúa varðandi viðbyggingu við Krossneslaug.
2. Bréf frá Landgræðslunni, lagt fram til kynningar og umræðu.
3. Málefni Finnbogastaðaskóla, þrif, nýting og fleira.
4. Starfsleyfi fyrir fiskmóttöku.
5. Vestfjarðastofa, lögð fram fundargerð stjórnafundar til kynningar.
6. Fasteignamál hreppsins, m.a. félagsheimilið.
7. Landsréttur, Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála og fleira.
8. Málefni ljósleiðara og þrífösunar í strjálbýli, Árneshreppur.

1. Erindi frá byggingarfulltrúa vegna byggingar á geymskúr við Krossneslaug. Hreppsnefnd samþykkir fyrir sitt leiti Umsókn um byggingarleyfi .
2. Bréf frá Landgræðslunni, lagt fram til kynningar og umræðu. Ákveðið varð að yfirfara málið og taka málið upp aftur ef þurfa þykir.
3. Málefni Finnbogastaðaskóla, þrif, nýting og fleira. Ákveðið var að taka stöðuna á ástandi hússins, fjarlægja klósettgaminn og sitt hvað fleira.
4. Starfsleyfi fyrir fiskmóttöku langt fram til kynningar.
5. Vestfjarðastofa, lögð fram fundargerð stjórnarfundar til kynningar. Hreppsnefnd Árneshrepps finnst vanta á að rætt hafi verið um raforkuöryggi á Vestfjörðum.
6. Fasteignamál hreppsins, m.a. félagsheimilið.
7. Landsréttur, Úrskurðarnefnd umhvergis – og auðlindamála. Farið var lauslega yfir stöðu mála.
8. Málefni ljósleiðara og þrífösunar í strjálbýli, Árneshreppur. Oddviti sagði frá hvernig staðan er núna. Hreppsnefnd leggur mikla áherslu á að haldið verði áfram að leggja rafmagn í jörð í Árneshreppi, halda áfram frá Kjós yfir Skörð til Trékyllisvíkur. Oddviti mun senda Orkubúi Vestfjarða, þingmönnum og ráðherrum bréf varðandi málið.
9. Samþykkt var samhljóða í hreppsnefnd að ráða Róbert H. Ingólfsson sem grenjaskyttu í sveitinni í sumar. Ákveðið var að greiða honum fyrir skott og tímakaup á grenjum, samkvæmt reikningi.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 15:45.